

Nd.

289. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19, 11. júlí 1911.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

1 . gr.

6. grein orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúa sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er 1 ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn.

Auk hinna kjörnu fulltrúa mætir borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

2. gr.

7. grein orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

3. gr.

8. grein orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurborgar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

4. gr.

Lög nr. 22 frá 22. okt. 1912 eru úr gildi numin.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið til þess að koma skipun hafnarnefndar Reykjavíkur í sem bezt samræmi við ákvæði laga nr. 59, 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Önnur grein frumvarpsins er sett til að lögfesta það fyrirkomulag, er nú gildir um starfsmenn hafnarinnar, og samrýma hafnarlögin við lög nr. 27, 22. nóv. 1918, um hafnsögu í Reykjavík.

Með þriðju grein laganna er hafnarstjórn gefið nokkuð meira vald í fjármálum en verið hefir, og virðist það réttmætt samkvæmt sérstöðu þeirri, er höfnin hefir innan bæjarfyrirtækjanna, sbr. 8. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavík-urkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911.